

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1992

I

# BEINAFUNDUR Á SKANSINUM Í VESTMANNAEYJUM

Rannsókn 30.1 - 2.2. 1992.

Mjöll Snæsdóttir

FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1992 REYKJAVÍK

**(C) 1992 Mjöll Snæsdóttir**

**Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis höfundar.**

**Athugun á beinafundi á Skansinum í Vestmannaeyjum 30.1.92 - 2.2.92.  
Bráðabirgðaskýrsla.**

Hinn 29.1.1992 mæltist þjóðminjavörður til þess við mig undirritaða, Mjöll Snæsdóttur, að ég færi til Vestmannaeyja og athugaði beinafund á Skansinum svonefnda, sem verið er að hlaða upp aftur. Flug ég til Eyja síðdegis 30.1.92, en það var fyrsta flug þann dag.

Bein þessi höfðu fundist á þann hátt, að traktorsgrafa, sem notuð var til að fjarlægja jarðveg úr vegg Skansins, hafði rekist í þau. Þetta gerðist þegar verið var að fjarlægja hleðslu á innanverðum eða sunnanverðum vegg sem liggur samhliða strandlínu, eða austur og vestur (sjá teikningu 1).

Áður (1968) hafði fundist beinagrind ekki langt þarna frá, eða 50-75 m suður af vatnstanki sem var austan við Skansinn.

Þeir sem voru að vinna við endurhleðsluna höfðu lagt plast yfir leifar grafarinnar og skýlt þeim sem kostur var. Gröfin hafði skaddast töluvert er grafan kom við hana.

Traktorsgrafan hafði raskað efri hluta beinagrindarinnar, en annar fótleggur, hinn vinstri, var enn óraskaður og neðsti hluti hins hægri. Sá er í gröfinni lá hafði verið lagður nánast nákvæmlega austur - vestur, með höfuð í vesturenda og fatur í austurenda. Á þennan hátt snúa kristnar grafir jafnan, en ekki er þó óþekkt að heiðin kuml geti snúið þannig, og nefnir Kristján Eldjárn t.d. allnokkur dæmi þess í riti sínu Kuml og haugfé í heiðnum síð á Íslandi.

Þeir er unnu að hleðslunni höfðu safnað saman þeim hlutum er í gröfinni höfðu verið. Þar voru tvö brot úr beinkambi og tvö brot úr járnhlut, sem ekki verður sagt um að svo stöddu hvað er. Þar voru líka þrír steinar, tveir líklega eldtinna en einn glerhallur. Þá var þar einnig armband úr bronsi, gert úr tveim þáttum sem snúnir voru hvor um annan. Var það í þremur brotum, en ekki virtist vanta neitt að ráði í það.

Í sniði sást að gröfin var 50-60 cm djúp, a.m.k. sá hluti hennar, norðausturhornið, sem óraskaður var.

Með því að hluti grafarinnar var ekki raskaður mátti teikna snið eftir moldarveggnum sem eftir stóð og fá þannig hugmynd um jarðlagaskipan. Hreinsaður var og teiknaður 2,5 m langur prófill í stálinu yfir gröfinni. Þá voru þau bein er óröskuð voru hreinsuð eins og kostur var, teiknuð og ljósmynduð og síðan tekin upp. Einnig var gerð afstöðumynd, sem sýnir hvar gröfin var. Erfitt að athafna sig, bæði vegna veðurs og þess hve dimmt er á þessum árstíma. Ekki var reynt að grafa neitt umhverfis kumlið. Fylgdi stálinu þá 12 metra sem búið var að fjarlægja innri hleðsluna en sá ekki ummerki um grafir í þeirri línu (sem sannar að sjálfsögðu ekki að þær gætu ekki verið t.d. 5 cm innan við eða framan við þá línu.

Lýsing á sniði ofan frá og niður, númer eins og á teikningu.

1. Grasrót, 15-20 cm.
2. Mjög sendið lag, fylling í sjálfum skansinum, þykkt þar sem prófillinn lá ca 90 cm.
3. 5-7 cm þykkt lag. foksandslinsur með mold á milli.

4. Svart gjóskulag, sést aðeins vestan grafarinnar. í torfi?
5. Brún hreyfð mold, 5-10 cm þykkt lag.
6. Svart gjóskulag, ca 1/2 cm þykkt.
7. Ljósbrúnt moldarlag 1.5 - 2 cm þykkt, ekki sjáanlega hreyft.
8. Grátt gjóskulag, með örlitlum ljósari flekkjum og grænleitri slikju, sýnist nokkuð moldarblandað. (Líklega landnámslagið). Þykkt ca 1 cm.
9. Brúnt sendið moldarlag, 15-18 cm þykkt.
10. Þunnt ljóst (gulbrúnt) lag, mörk við lögin yfir og undir ekki skýr. 1 cm þykkt.
11. Brúnt sendið moldarlag, ca 4 cm þykkt, sams konar og 9, en rauðbrúnna.
12. Grátt lag ca 1-2 cm að þykkt, líklega gjóska.
13. 13-15 cm þykkt moldarlag rauðbrúnt, óhreyft, ath efstu 4 cm eru minna rauðbrúnir, fremur ljósbrúnir, en skil ekki skörp.
14. 3-6 cm þykkt dökkgrátt gjóskulag.
15. Sendið óhreyft moldarlag rauðbrúnt, eins og 10. Þykkt þess sást ekki. Gröfin var tekin aðeins niður í þetta lag.
16. Hreyfð mold, fylling í gröf.

Gröfin er greinilega tekin gegnum gjóskulag sem mér sýnist vera hið svonefnda landnámslag, en það hefur yfirleitt verið talið fallið um 900 e.Kr. Guðrúnu Larsen jarðfræðingur skoðaði það í handsýni og taldi líklegt að sú greining mín fengi staðist, en ætlar að skoða það betur. Gröfin er einnig tekin gegnum svart öskulag sem liggur lítillaga fyrir ofan "landnámslagið". Bar ég það undir Guðrúnu Larsen, sem rannsakað hefur öskulög í Vestmannaeyjum, hvaða lag þetta gæti verið og taldi hún að óséðu líklegast að um væri að ræða lag frá fyrri hluta 10. aldar, er hún hafði víða séð í Eyjum. Gröfin er einnig tekin gegnum tvö eldri lög, en þau geta að sjálfsögðu ekkert sagt frekar um aldur hennar. Brotin úr beinkambi og snúna kopararmbandið sem í gröfinni höfðu verið benda almennt til víkingaaldar. Mætti með stuðningi öskulaga og muna geta þess til að gröfin væri frá síðari hluta 10. aldar. Þó er ekki hægt að útiloka, að hún gæti verið aðeins yngri, e.t.v. frá upphafi 11. aldar, enda ekki víst að grafsiðir hafi breyst snögglega við kristnitökuna.

#### Fundir:

1. Armband. Gert úr tveim þáttum, sem snúnir eru hvor um annan. Annar þeirra er úr kopar/bronsi en hinn úr gráum málm (silfri?). Brotið í þrjá hluta.
2. Kambur. Tvö brot úr beinkambi. Kambbrotin eru föst á járnhlutum nr. 3, ryðguð við hann.
3. Óþekktur járnhlutur, brot. Í tveim hlutum og virðist hafa verið stærri. Einhvers konar kvísl, forkur ?

4. Steinn, eldtinna ?
5. Steinn, eldtinna ?
6. Steinn, glerhallur.
7. Nagli úr járni.

Allir þessir hlutir, nema nr. 7, komu fram þegar traktorsgrafan rakst í gröfina, og voru eftir lýsingu nálægt mitti/mjöldum þess er í gröfinni lá. Naglinn nr. 7 var hins vegar meðal raskaðra beina sem lágu nálægt mjaðmagrindinni í gröfinni.

Þessari skýrslu fylgja:

1. Flatarteikning af gröfinni/kumlinu í mælikvarðanum 1:10
2. Sniðteikning af gröfinni og jarðlögum yfir og umhverfis, í mælikvarðanum 1:20
3. Afstöðuteikning af gröfinni, í mælikvarðanum 1:200




Reykjavík, 24.2.1992


*Mjöll Smaradóttir*

Beinafundir í Vestmannaeyjum skv. heimildum frá heimamönnum ofl:

1. Undir Heimaklett, staður nefndur "Litla-Langa". Í ritgerðinni "Gömul örnefni í Vestmannaeyjum" (Árbók 1913) hefur Sigurður Sigurfinnsson það eftir Brynjólfi frá Minna-Núpi og séra Brynjúlfi Jónssyni að mannabein hafi fundist þar og telur vísbendingu um að þar hafi eitt sinn verið kirkja. Þetta er staðurinn þar sem menn hafa helst viljað láta þá kirkju standa sem sagt er í Kristnisögu að reist hafi verið í Vestmannaeyjum sama ár og kristni var lögtekin á Íslandi.
2. Sami staður. Skv upplýsingum frá Kristjáni Egilssyni fann séra Jes A. Gíslason tvær beinagrindur undir Litlu-Löngu rétt fyrir síðustu aldamót. Ekki kemur fram hvað gert var við þær.
3. Höfn við Bakkastíg. Þegar grafið var fyrir húsinu Höfn við Bakkastíg árið 1928 fundust allmargar beinagrindur. Beinir fengust ekki grafin í vígðri moldu fyrr en eftir nokkurn tíma. Hluti af beinunum var sendur til Þjóðminjasafns Íslands. Skv. heimildum Kristjáns Egilssonar. Hann sagði að menn hafðu talið þetta vera Englendinga.
4. Hornið Strandvegur/Formannabraut. Þegar grafið var fyrir viðbyggingu Kuða við horn Strandvegur og Formannabrautar, um 1950, fannst beinagrind. Friðrik Jesson sendi hana til Kristjáns Eldjárns þjóðminjavarðar.
5. Kirkjubær. (Ártal vantar). Þar fundust 6 eða 7 beinagrindur við vegargerð. Friðrik Jesson lýsti legu þeirra þannig að þær hefðu legið í röðum, og hefði þarna auðsjáanlega verið kirkjugarður. Hann sendi þær til Kristjáns Eldjárns.
6. Skammt suðaustan við Skansinn. Beinagrind fannst er verið var að grafa fyrir vatnsleiðslu upp á Skansinn 1968. "Gísli Gestsson fór til Vestmannaeyja 18. júlí og rannsakaði kuml, sem kom í ljós fast austan við Skansinn. Þetta er fyrsta fornkuiklið, sem finnst í Vestmannaeyjum, en því miður var það mjög skemmt af völdum skurðgraftar og nær ekkert beinanna í upphaflegri legu. Þetta hafði verið karlmannsgröf, en ekkert fannst af haugfé nema einn hnífur." (Þór Magnússon: Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1968, Árb, 1969, bls. 159).
7. Hlíðarbrekkur. Tvær beinagrindur fundust 1978 er verið var að grafa fyrir skólplögn inn við Hlíðarbrekkur. Kristján Egilsson segir að þær hafi legið austur og vestur og hafi þær verið sendar til rannsókna hjá Háskóla Íslands. Ekki vissi hann hver hefði tekið við þeim þar en sagði að það hefði verið beinasérfræðingur. Var það Jón Steffensen? Um þennan beinafund mun Margrét Hermanns-Auðardóttir ætla að skrifa fyrir sögufélag Vestmannaeyja (Eyjaskinnu).
8. Skansinn. Beinafundur þegar verið var að endurhlaða Skansinn í janúar 1992. Sjá skýrslu MS hér á undan.

SKANSINN  
VESTMANNAEYJAR  
KUMIL / GRÖF  
1.2.1992 MS  
1:200





SNID GEGNUM GRÖF/KUML  
 SKANSINN  
 VESTMANNAEYJUM  
 1.2.1992, MS  
 1:20



SKANSINN  
VESTMANNAEYJUM  
31.1. - 1.2. 1992  
1:10, MS

